

Stoneguard black (Aerosol) Malarvörn svört (Úðabrúsi)



LÝSING

Stoneguard black (Aerosol) er húðunarefni byggt á sintetískri-kvoðu-blöndu sem má breyta í finan úða. Þurr himnan hefur góða viðloðunareiginleika bæði á ómálað og málað stál. Stoneguard black (Aerosol) er þekkt fyrir að vera lítt sýnileg, veita hámarks tæringarvörn, hafa mikið þol gegn núningságangi og hámarks vörn gegn höggum frá steinkasti. Efnið þornar fljótt og það má mála með hefðbundnum málningaraðferðum eftir u.þ.b. 10 mínútur.

EIGINLEIKAR

- lítt sýnilegt og mikið þol gegn slípiágangi
- gengur með PVC
- viðnám gegn leysiefnum (fullþurrt)
- má yfirmála vott í vott
- mjög auðvelt að slípa niður eftir þornun
- má yfirmála með annarri málningu
- frábær vörn gegn höggum af steinkasti og gefur hljóðdeyfihlíf
- UV þolið

TÆKNILÝSING

Grunnur	: kvoða
Litur	: svart
Lykt	: ylmar
pH	: hlutlaust
Þéttleiki	: 1,19 g/cm ³
Drifefni	: dimethylether (DME)
Þykkt á himnu eftir 2 -3 umferðir í kross	: 250 - 300 µm
Stífleiki	: góður
Föst efni	: 39 %
Þurrktími	: 2 kl.st.
Vinnsluhiti	: 15 °C - 25 °C
Hitapol	: -25 °C to +120 °C í stutta stund (allt að 1 kl.st)
Hætta á frostsKemmdum	: nei
Ráðlagt	
geymsluhitastig	: 5 °C - 25 °C
Geymslupól	: 24 mánuðir

Stoneguard black (Aerosol) Malarvörn svört (Úðabrúsi)



NOTKUNARSVIÐ

Stoneguard black er notað á sýnilega fleta ökutækja svo sem sílsa, vindskeiðar, fleti framan og aftan neðan á ökutækjum, á undirvagn og yfirbyggingarluta og plastviðgerðir til varnar steinkasti og tæringu vegna hálkueyðingarsalts og bleytu. Stoneguard black er ekki nothæft á sveigjanlegu efni.

LEIÐBEININGAR

Yfirborð sem á að þekja með Stoneguard black verður að vera tandurhreint. Ryð verður að fjarlægja. Yfirborðið verður að vera þurrt, ekkert bón, óhreinindi eða fita og algjörlega rykfrítt.

Hentugast er að nota efnið við stofuhita. Hristið innihald brúsans kappsamlega fyrir notkun. Eftir að kúlan hefur losnað þarf að hrista í eina mínútu til viðbótar. Haldið brúsanum í uppréttri stöðu við úðun og úðið þunnt í 20 – 30 cm fjarlægð frá fletinum. Viðnám gegn slípiágangi og tæringu eykst með þykkt efnisins. Þess vegna ætti að setja eina eða tvær umferðir aftur með augnablikshléi á milli. Undirvagnaúða ætti að setja á með krossmunstri til að þekja sem best.

Að notkun lokinni er brúsanum snúið við og úðað þar til lokinn er hreinn og aðeins drífefni kemur út.

Athugið

Ekki úða efninu á hluti sem hreyfast eða hitna svo sem vélræn liðamót, vélar, gírkassa, drifskóft, útblástursrör, hvarfakúta eða hemlakerfi.

Ráðlegging um þurrkun

Innrauð þurrkun eða í klefa (60° C). Þurrkun við stofuhita lengir tímann sem þarf til gegnumþurrkunar efnisins.

STÆRÐIR UMBÚÐA

Stoneguard black 500 ml úðabrúsi Vörunr. 6109